

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Bjarki Traustason <bjarkit@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 19. september 2023 09:37  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Cc:** G. Jonsson  
**Subject:** Re: Ósk um styrk vegna veghalds.

já þú mátt endilega taka þetta inn á fund.

kv,  
Bjarki

On Tue, Sep 19, 2023 at 9:33 AM Sveitarstjóri Flóahrepps <[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)> wrote:

Sæll

Við erum ekki með áætlað fjármagn á þessu ári en erum að hefja vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs. Fæ ég leyfi þitt til þess að taka þetta inn á fund sveitarstjórnar svo þetta fari í formlegan farveg?

Bestu kveðjur

Hulda

**From:** Bjarki Traustason <bjarkit@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 19. september 2023 09:32  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps <[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)>  
**Cc:** G. Jonsson <[gudnithor@hotmail.com](mailto:gudnithor@hotmail.com)>  
**Subject:** Re: Ósk um styrk vegna veghalds.

Sæl Hulda og takk fyrir að taka jákvætt í þessa fyrirspurn okkar.

Mig langaði að kanna hvort að þetta væri eitthvað sem að þið tækjuð mögulega upp á næstunni, við erum að fara í það að setja vegstikur, hefla og bera í veginn núna á næstunni fyrir veturinn og væri gott að vita hvort að þessi fjárveiting komi.

bestu kveðjur,

Bjarki

On Mon, Sep 4, 2023 at 9:30 AM Sveitarstjóri Flóahrepps <[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)> wrote:

Sæll og blessaður Bjarki

Ósk um styrk til veghalds er móttækin.

Flóahreppur hefur ekki verið að veita styrki vegna veghalds í frístundabyggðum hingað til en það sjálfsagt að taka samtalið innan sveitarstjórnar.

Nágrannasveitarfélögin hafa sett sér sérstakar reglur vegna veitingu slíkra styrkja og gera þá ráð fyrir ákveðnu fjármagni í fjárhagsáætlun árlega.

Bestu kveðjur

Hulda

---

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) | 480 4370 | Þingborg

*Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmáli [9.mgr.47.gr](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.*

**From:** Bjarki Traustason <[bjarkit@gmail.com](mailto:bjarkit@gmail.com)>  
**Sent:** föstudagur, 1. september 2023 15:15  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps <[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)>  
**Cc:** G. Jonsson <[gudnithor@hotmail.com](mailto:gudnithor@hotmail.com)>  
**Subject:** Ósk um styrk vegna veghalds.

Góðan dag,

Ég ætlaði að kanna fyrir hönd Félags lóðaeigenda í Mörk og Merkurhrauni hvort að það væri ekki hægt að sækja um smá styrk líkt og nágranasveitafélög hafa verið að veita til vegmála.

Félagið óskar eftir styrk til viðhalds á veghlutanum sem liggur frá Skeiðavegi og inn að gámasvæði innan sumarhúsasvæðisins, í heild 500m.

Gríðarlegt álag er á þessum veghluta þar sem að nágrenni okkar í aðliggjandi hverfum/bæjum nýta sér einnig umrætt gámasvæði.

Annað hvert ár hefur verið reynt að bera í veginn og hann heflaður með tilheyrandi kostnaði.

Ágangur um hann er að aukast það mikið ár frá ári að núna er hann að enda í hinum klassíska íslenska "þvottabretti" þrátt fyrir að hann hafi verið lagaður í fyrra. Reyndar hjálpaði ekki til að einhver af þeim aðilum sem sinntu snjómokstri í vetur stungu einnig heldur djúpt og skófu stórum hluta vegkerfisins út í móa.

Það er því ljóst að þessi veghluti þarnast árlegs ofaníburðar og heflunar þrátt fyrir vegheflunarmistökin.

Okkur langar því að fá að fara þess á leit við hreppinn að fá styrk til kaupa á 2x hlössum af grús sem myndi þá nýtast í planið við ruslasvæðið og aðeins inn veginn.

Verð á slíku væri um 90 þúsund fyrir 2x hlöss af grús.

Með von um jákvæð viðbrögð :)

Bjarki Traustason